

Gjaldið greiðist af innflytjanda afurðanna og greiðist þar sem eftirlitið fer fram eða á landamærastöð.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að hækka gjöld skv. 2. mgr. ef í ljós kemur að kostnaður Fiskistofu af eftirliti með innfluttum sjávarafurðum er meiri en sem nemur þessum gjöldum. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur raunverulegum kostnaði við eftirlitið.

Innflytjanda sjávarafurða eða öðrum aðila sem óskar eftir aðgangi að tollvöruheymslu ber að greiða fyrir eftirlit þar. Heimilt er að innheimta gjaldið áður en afurðir eru fluttar í tollvöruheymslu.

e. (27. gr.)

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fjölda landamærastöðva, staðsetningu þeirra, rekstur, búnað, útgáfu vottorða, tíðni skoðana, sýnatökur og rannsóknir. Með reglugerð skal einnig kveðið á um hvaða sendingar séu undanþegnar skoðunum og um nánara fyrirkomulag við gjaldtöku, þar á meðal um lækkunarheimildir og innheimtu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1997.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Þorsteinn Pálsson.*

Nr. 90

26. maí 1997

## LÖG

um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu,  
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað ártalsins „1998“ í 21. gr. laganna kemur: 1999.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Friðrik Sophusson.*